

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-84/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 13. nóvember 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi geri við ryðbletti á þaki bifreiðarinnar þar sem bifreiðin sé enn í ábyrgð.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 28. mars 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Nissan Quashquai, árgerð 2016, af seljanda 18. maí 2017 fyrir 2.790.000 krónur. Við kaupin hafði bifreiðin verið ekin um 19.000 km. að sögn álitsbeiðanda og verið í eigu eins aðila frá því hún var nýskráð þann 26. apríl 2016. Nokkrum mánuðum eftir kaupin komu í ljós tvær bólur undir lakki á þaki bifreiðarinnar og fór álitsbeiðandi því með bifreiðina til seljanda í skoðun og bað um að gert yrði við þakið. Kveðst álitsbeiðandi hafa aflað sér upplýsinga hjá „sér fróðari aðilum“ sem hafi sagt henni að ryð sé að byrja á þakinu. Seljandi hefur hafnað því að um galla sé að ræða og telur að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið því að bólur hafi myndast á þaki bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að lagfæra þakið þar sem bifreiðin er enn í ábyrgð.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af seljanda þann 18. maí árið 2017, en þá var um eitt ár og einn mánuður frá því að bifreiðin var nýskráð. Nokkrum mánuðum eftir kaupin komu í ljós „bólur“ á þaki bifreiðarinnar sem líklega er ryð að byrja að myndast. Álitsbeiðandi telur að seljanda beri að gera við bifreiðina á eigin kostnað en seljandi telur að skemmdirnar meggi rekja til utanaðkomandi þátta.

Kæruneftndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Sem fyrr segir kvartaði álitseiddandi undan galla við seljanda nokkrum mánuðum eftir kaupin og leitaði til kæruneftndarinnar tæplega 6 mánuðum eftir kaupin. Þá voru um það bil eitt ár og sjö mánuðir frá því að bifreiðin var upphaflega keypt ný hjá seljanda af fyrri eiganda. Hefur álitseiddandi því borið fyrir sig mögulegan galla á bifreiðinni innan þess tímafrest sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl. Liggur því næst að meta hvort um galla sé að ræða í skilningi nkpl.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. nkpl. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Bifreið álitseiddanda hafði aðeins verið í notkun í um það bil eitt ár og sjö mánuði þegar umþrættar bólar komu í ljós á þaki bifreiðarinnar. Seljandi hefur ekki sent inn andsvör til kæruneftndarinnar en fyrir liggur sú afstaða seljanda að skemmdirnar hafi orsakast af einhverju utanaðkomandi, án frekari útskýringa.

Kæruneftndin álitur að endingin á lakki bifreiðarinnar hafi verið skemmri en álitseiddandi mátti gera kröfu um við kaupin og að ekki sé eðlilegt að bólar eða ryð byrji að myndast á bifreið eftir svo stutta notkun, nema það megi rekja til undirliggjandi galla í lakkinu. Ekkert liggur fyrir í málinu sem gefur til kynna að álitseiddandi geti borið ábyrgð á skemmdum á þaki bifreiðarinnar eða að þar hafi utanaðkomandi þættir haft áhrif. Að mati kæruneftndarinnar var bifreiðin því haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna við kaupin. Álitseiddandi hefur krafist úrbóta samkvæmt 1. mgr. 29. gr. nkpl. og er fallist á þá kröfu álitseiddanda.

## V

### ÁlitSORð

Seljanda, Y, ber að gera við lakk á þaki bifreiðar álitseiddanda, X.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson